



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Alþingi  
Erindi nr. P 141/643  
komudagur 20.11.2012  
Reykjavík 15. nóvember 2012

Alþingi  
við Austurvöll  
150 Reykjavík


Á fundi umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur 13. nóvember 2012 var tekið fyrir eftirfarandi.

**Frumvarp til l. um velferð dýra.**


Lagt fram 283. þingmál ásamt drögum að umsögn ráðsins.

Umhverfis- og samgönguráð samþykkti umsögn um málið.

Virðingarfyllst,

  
Gunnar Hersveinn  
fræðslufulltrúi

Meðfylgjandi:  
Umsögn ráðsins





Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Reykjavík, 8. nóvember 2012

### **Umsögn umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur um frumvarp til laga um velferð dýra, þskj. 316, 283. mál**

Umhverfis- og samgönguráð vísar til tölvupósts umhverfisnefndar Alþingis dags. 6. nóvember 2012 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð, þskj. 316, 283. mál. Almenn umsögn

Umhverfis- og samgönguráð hefur farið yfir frumvarpið og meðfylgjandi greinargerð og telur ástæðu til að gera við það nokkrar athugasemdir. Ráðið telur einkennilegt að í gildissviði frumvarpsins er tekið fram að auk þess að ná til hryggdýra taki frumvarpið einnig til tífatlukrabba, smokkfiska og býflugna en hvergi er fjallað frekar um þessi dýr í frumvarpinu, hvorki í lagagreinum né viðauka. Vætanlega eru tífatlukrabbar og smokkfiskar tilgreindir þar sem fyrir getur komið að þessi dýr séu seld lifandi til matreiðslu en athyglisvert er að kræklingur er ekki tekinn með í upptalninguna en hann er hægt að kaupa lifandi í matvöruverslunum. Eins má benda á það boðið er upp á að snæða skeljar og ígulker lifandi í skemmtisjóferðum s.s. á Breiðafirði. Að mati ráðsins þarf frekar að skýra hvernig meðferð dýra sem ekki flokkast sem hryggdýr á að vera í lagatextanum. Frumvarpið setur ábyrgðina á velferð dýra á hendur MAST og fær stofnunin viðtækar lagaheimildir og gjaldtökuheimildir til að sinna því verkefni. Engu að síður er sveitarfélögum skylt að smala saman eða handsama dýr, önnur en villt dýr, sem ætla má að líði fyrir umhirðu- eða skjólleysi í náttúrunni. Sveitarfélögunum er ennfremur skylt að lesa af einstaklingsmerkjum dýranna og hafa upp á umráðamanni þeirra og hafa til staðar aðstoðu til vörslu dýranna. Fram kemur að innheimta megi áfallinn kostnað úr hendi umráðamanns sé hann til staðar sem verður alls ekki í öllum tilvikum. Sveitarfélögin fá engar beinar gjaldtökuheimildir skv. frumvarpinu til að standa straum að þeim kostnaði sem til fellur vegna handsömunar og vörslu dýrana þó að fram komi í 23. gr að selja megi dýrin fyrir áföllnum kostnaði og innheimta kostnað skv. gjaldskrá. Að mati ráðsins er því eðlilegast að MAST beri ábyrgð á handsömun og vörslu dýranna, eins því að lesa af merkjum enda skal MAST skv. 21. gr. bera ábyrgð á gagnagrunni um skráningu einstaklingsmerkja og hefur gjaldtökuheimildir, stjórnvaldssektir og lögveðsrétt í dýrum til að standa straum af kostnaði.

Ráðið telur að ákvæði í gr. 7 varðandi hjálparskyldu vegna villtra dýra og hálfvilltra dýra þarfnist endurskoðunar meðal annars með tillits til ákvæða laga um mengun hafs og stranda og laga um umhverfisábyrgð. Í greininni kemur fram að ráðherra þess ráðuneytis sem fer með mál villtra dýra og fugla beri kostnað af aðgerðum til hjálpar þeim vegna umhverfisslysa, en sá kostnaður á að falla á þann sem veldur umhverfistjóninu skv. fyrrgreindum lögum. Eins er það spurning hvernig sveitarfélögin eiga að fjármagna þá aðstoð sem þeim er skylt að gefa dýrunum skv. 7. gr. og endurgreiðslur til þeirra aðila sem sinna hjálparskyldunni. Þá er athyglisvert að hjálparskyldan nær aðeins til villtra eða hálfvilltra dýra en séu dýrin merkt skv. 21. gr.



teljast þau ekki hálfvillt skv. skilgreiningu í 3. gr. og á þá ekki að hjálpa þeim ?

### **Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins**

#### **1. kafli. Markmið, gildissvið, skilgreiningar**

**2. gr. frv.:** Hér er tilgreint að lögin gildi um hryggdýr en einnig til tífatlukrabba, smokkfiska og býflugna. Ráðið gerir athugasemdir við að hvorki er minnst frekar á þessi dýr annarsstaðar í frumvarpinu né tilgreint hvernig meðferð þeirra á að vera. Þá er sérstakt að ekki séu taldir upp fleiri hópar hryggleysinga sem svipaðan rétt ættu að hafa á vernd og þessir hópar sem sérstaklega eru tilgreindir.

#### **III. Kafli Almenn ákvæði um velferð dýra**

**7.gr. frv.:** Að mati ráðsins vantar hér samræmingu við lög um vernd gegn mengun hafs og stranda og lög um umhverfisábyrgð. Fram kemur að ráðherra (ætti frekar að vera ríkissjóður) beri fjárhagslega ábyrgð á aðgerðum til bjargar dýrum sem lent hafa í umhverfisslysum. Skv. fyrrgreindum lögum myndi slíkur kostnaður falla á þann sem olli tjóninu. Hér er tilgreind skylda sveitarfélaga til að hjálpa sé um villt eða hálfvillt dýr að ræða en hvað ef dýrin eru merkt og í lausagöngu ? Þá teljast þau ekki hálfvillt skv. skilgreiningu í 3. gr. Þá ber að endurgreiða þeim sem hjálp veita skv. 1. mgr. greinarinnar þann kostnað sem hlýst og mega sveitarfélögin setja reglur um þær endurgreiðslur sem staðfestar eru af ráðherra. Ljóst er að kostnaður hlýst af þessu fyrir sveitarfélögin en ekki víst hvernig þau eigi að standa straum af þeim kostnaði.

#### **IV. Kafli Leyfi og eftirlit**

**11.gr. frv.:** Að mati ráðsins þarf að geta þess hér að sveitarfélögin geti sett sér samþykktir varðandi veitingu leyfa fyrir ákveðnum dýrategundum s.s. hundum og innheimta gjöld því tengt.

#### **VI. Kafli Handsömun dýra**

**23. gr. frv.:** Hér eru lagðar skyldur á sveitarfélögin vegna handsömunar, vörslu og lesturs einstaklingsmerkja á hálfvilltum og merktum dýrum og talað um að hægt sé að innheimta áfallinn kostnað úr hendi ábyrgðarmanns sé hann til staðar skv. gjaldskrá og einnig að heimilt sé að selja dýr fyrir áföllnum kostnaði. Hvergi er þó tilgreint í frumvarpinu að sveitarfélögin hafi gjaldtökuheimildir, s.s til að setja gjaldskrá eða eiga lögveðsrétt í dýri sem MAST og lögreglan hafa. Sveitarfélagi er heimilt að fela öðrum að framkvæma þessar skyldur skv. sérstökum samningi en ekkert er nánar tilgreint um það hvaða aðilar það gætu verið. Þá er að mati ráðið eðlilegast að MAST sjái um þessi mál öll enda með allar lagaheimildir, gjaldtökuheimildir og ábyrgð á skráningu einstaklingsmerkja á sinni könnu.

#### **IX. Kafli Gjaldtaka o.fl.**

**32. gr. frv.:** Hér vantar gjaldtökuheimildir fyrir sveitarfélögin.

**34. gr. frv.:** Hér vantar gjaldtökuheimildir fyrir sveitarfélögin, einnig lögveðsrétt í dýrum.

**Viðauki:** Hér er hvergi minnst á býflugur, væri ekki eðlilegt að þær væru í þessari upptalningu ? Hér væri líka eðlilegt að fjalla um aðra hryggleysingja sem taldir eru upp í gildissviði í 2. gr.

Þar sem mjög skammur tími gafst til að gera athugasemdir við frumvarp þetta áskilur Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur sér til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum málsins